

AUGLÝSING

um breytingu á viðauka við byggingarsamþykkt Skorradalshrepps nr. 238/1971.

1. gr.

1. mgr. 10. liðar 6. gr. orðist svo:

Jafnframt því, að hreppsnefnd veitir leyfi til skiptingar lands í sumarbústaða-lönd greiðir landkaupandi eða leigjandi:

Við afhendingu byggingarleyfis í hreppssjóð sérstakt gjald eftir reglum, er hreppsnefnd setur. Gjald þetta skal vera fyrir 25 m² hús kr. 10 000.00 og síðan kr. 1 000.00 til viðbótar á hvern fermeter umfram 25 m². Hámarksgjald skal þó vera kr. 35 000.00 og er þá miðað við hámarksstærð, skv. 2. tl. 6. gr.

Breyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Skorradalshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1905 sbr. lög nr. 84/1943 til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 4. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 306.

20. júní 1975.

REGLUGERÐ

um holræsi fyrir Selfosshrepp.

1. gr.

Þegar Selfosshreppur hefur látið leggja holræsi í veg eða götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, svo sem unnt er, leiða í ræsið. Vanræki einhver að gera holræsi eða endurnýja eldra innan hæfilegs tíma, sem sveitarstjóri ákveður, getur hreppurinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Selfosshreppur lætur leggja holræsaútúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur gera eftir 1. janúar 1975. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu 2 m inn fyrir lóðamörk húsa. Heimlagfir eru á kostnað húseiganda. Við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsaútúta fara eftir nánari skilmálum um lóðaúthlutun.

3. gr.

Húseigandi, sem óskar að tengja hús sitt við holræsaakerfi hreppsins eða að gera breytingar eða viðbætur við ræsi, sem áður hefur verið tengt við það, skal með nægum fyrirvara fá til þess leyfi hjá hreppsnefndinni eða þeim umsjónarmanni, sem málið fellur undir. Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð, sem hreppurinn lætur í té, og skulu þær undirritaðar af eiganda hússins, eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim, sem verkið á að annast. Með umsókninni

fylgi uppdráttur af holræsakerfi hússins í tvíriti. Uppdráttur þessi skal gerður af manni með tæknipækkingu á sviði holræsaligna, sem til þess hefur hlotið löggildingu hreppsnefndar. Sá, sem uppdrátt gerir, ber ábyrgð á að hann sé í samræmi við reglugerð þessa og brjóti ekki í bága við byggingarsamþykkt eða aðrar samþykktir um þessi mál, sem í gildi eru í Selfosshreppi.

4. gr.

Uppdrættir skulu gerðir á haldgóðan, óstökkan pappír og þannig frá þeim gengið, að myndir og áletrun máist ekki við geymslu. Stærð þeirra skal vera $42,0 \times 59,4$ eða $59,4 \times 84,0$ cm.

Standi sérstaklega á, getur fulltrúi hreppsnefndar, sem málið fellur undir, leyft að gera uppdrættina á stærri blöð í DIN broti. Nota skal mælikvarða 1:100 og 1:50, en 1:10 og 1:20, ef sýna þarf smáatriði. Uppdrættir skulu sýna allar lagnir utan húss sem innan, bæði í grunnmynd og rúmmynd. Þá skal einnig gera afstöðumynd, sem sýni innsetta legu heimæðar frá húsvegg að tengistað við skólþveituað. Á uppdráttum skal sýna gerð, vídd og halla allra pípa í holræsakerfi húss og enn fremur alla vatnslása, niðurföll, hreinsiloka og brunna, sem kerfinu tilheyra. Hæðartölur, sem sýndar eru á uppdráttum, skulu miðaðar við hæðarmerkjakerfi Selfosshrepps. Nota skal tákn í samræmi við íslenska staðla.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum frárennslislögnum, sem breyta á, getur byggingafulltrúi krafist þess, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því. Þegar uppdráttur hefur verið samþykktur af fulltrúa hreppsnefndar, sem málið fellur undir, skal hann árita uppdráttinn í tvíriti og skal annað eintak hans síðan geymt í skjalasafni hreppsins.

5. gr.

Pípulagningameistari eða er verkið annast með samþykki byggingarnefndar ber ábyrgð á því, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, nánari fyrirmæli, sem kunna að verða sett, og samþykktan uppdrátt, á þann hátt sem byggingarsamþykkt mælir fyrir um.

6. gr.

Byggingafulltrúi skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa. Engar holræsalignir má hylja, fyrr en þær hafa verið teknar út af byggingafulltrúa. Álit byggingafulltrúi, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar eða öðrum reglum, sem settar kunna að vera um slík verk, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

7. gr.

Allt efni sem notað er til holræsagerðar, skal standast kröfur byggingarsamþykktar, en auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um holræsafni, t. d. ef um nýjungar á því sviði er að ræða.

Byggingafulltrúi getur gert kröfur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

8. gr.

Eigi er heimilt að láta renna í holræsakerfið sýrur, sterkan lút, oliur, kvika-silfur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða vandanlegri mengun. Á þeim stöðum, sem slík hættu er fyrir hendi, skal koma fyrir síum, gildrum eða öðru, sem hindrar það, að þessi efni komist út í holræsakerfi hreppsins. Húseigandi er ábyrgur fyrir vanrækslu hér á og hugsanlegu tjóni sem af slíkri vanrækslu kann að leiða.

9. gr.

Skýlt er mönnum að hlíta því, að holræsalagnir séu lagðar um eignarland þeirra eða umráðasvæði og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald. Um bætur fyrir slíkt fer samkvæmt vatnalögum.

10. gr.

Kostnaður við aðalholræsaakerfi hreppsins greiðist úr sveitarsjóði, en til að veða upp á móti þeim kostnaði skal innheimta stofngjöld og holræsa gjöld af húseigendum samkv. 11. og 12. gr.

11. gr.

Áður en tenging heimæðar fer fram shr. 3. grein, skal húseigandi greiða stofngjald. Gjaldið miðast við rúmmál viðkomandi húss, samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

12. gr.

Innheimta skal holræsa gjald af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Selfosshrepps, sem standa við götu eða opin svæði, þar sem holræsi hefur verið lagt í, samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

Undanþága frá gjaldskyldu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsa gjalds.

Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsa gjald, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá hreppsnefnd gjaldið.

Við ákvörðun holræsa gjalds samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Greiða skal holræsa gjald af húsum og öðrum mannvirkjum, sem í byggingu eru og því eigi virt til fasteignamats, eftir ákvörðun hreppsnefndar.

Gjalddagi holræsa gjalds er hinn sami og gjalddagi fasteignaskatts.

13. gr.

Holræsa gjald af fasteign má taka lögtaki og má gera lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsa gjaldið lögveðsréttar í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

14. gr.

Húseigendum er skýlt að annast viðhald og endurnýjun ræsa frá húsum sínum innan lóðarmarka.

Þar sem húseigandi hefur látið koma fyrir hreinsibrunni, 2 m innan við lóðarmörk, ábyrgist hreppurinn að halda frárennislögnum opnum frá þeim brunni, en hafi slíkur hreinsibrunnur ekki verið settur, ábyrgist hreppurinn ekki rennsli í frárennislögnum fyrr en í götuhæð.

Dragi húseigandi á langinn nauðsynlegt viðhald, getur hreppurinn ráðist í þær framkvæmdir á kostnað húseiganda.

15. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd mála, sem reglugerð þessi fjallar um. Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gjaldar ástæður til þess.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Selfosshrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. júní 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

2. júlí 1975.

Nr. 307.

S A M Þ Y K K T

um afgreiðslutíma verslana á Akureyri o. fl.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana á Akureyri, þ. á m. söluturna, mjólkurbúða og brauðbúða.

Um daglegan vinnutíma og önnur starfskjör fólks, sem vinnur í starfsgreinum þeim, sem samþykkt þessi tekur til, fer eftir hlutaðeigandi kjarasamningum og venjum, er tíðkast hafa í hverri grein.

Bæjarstjórn getur með samþykki ráðherra ákveðið, að fyrirmæli þessarar samþykktar taki að nokkru eða öllu leyti til afgreiðslutíma annarra fyrirtækja, sem hafa bein viðskipti við almenning, t. d. rakarastofa, hárgreiðslustofa, ljósmyndastofa, viðgerðarverkstæða o. s. frv.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar, að því er varðar bifreiðaafgreiðslu og bensinafgreiðslur, að því er snertir sölu á bensíni og öðrum vörum til bifreiða. Ekki ná ákvæðin heldur til sjálfsala, blaðsölu á götum, úr blaðsöluvögunum eða blaðsöluturnum, merkjasölu og annars sliks.

Ef ágreiningur ris um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn það að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra, og er úrskurður hans endanlegur.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni:

Virka daga skal heimilt að opna sölustaði kl. 8.00 og lokað skal þeim ekki síðar en kl. 18.00.

Á föstudögum skal heimilt að halda öllum sölustöðum opnum til kl. 19.00.

Á laugardögum skal heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 12.00. Fyrsta laugardag í desember má þó halda sölustöðum opnum til kl. 16.00, en aðra laugardaga í þeim mánuði til kl. 18.00. Hinn 18. desember má halda verslunum opnum til kl. 22.00, en sé 18. desember sunnudagur gildir sú regla 19. desember.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24.00.

Bæjarstjórn getur að fengnum tillögum lögreglustjóra heimilað, að sölustaður verði opnaður fyrr en segir í grein þessari.